

## AUGLÝSING

### frá forsætisráðuneytinu.

Davíð Oddsson forsætisráðherra er á förum til útlanda. Í fjarveru hans gegnir Friðrik Sophusson fjármálaráðherra störfum forsætisráðherra.

*Forsætisráðuneytinu, 10. júní 1997.*

F. h. r.  
**Kristján Andri Stefánsson.**

## AUGLÝSING

### um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, fór til útlanda í dag. Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 13. júní 1997.*

**Friðrik Sophusson.**

Ólafur Davíðsson.

## AUGLÝSING

### um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um breytingar á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu um staðfestingu hennar nr. 96 31. desember 1969, með síðari breytingum.

Forseti Íslands hefur hinn 6. júní 1997 samkvæmt tillögu forsætisráðherra staðfest eftirfarandi reglugerð um breytingar á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu um staðfestingu hennar nr. 96 31. desember 1969, með síðari breytingum:

1. gr.

3. tölul. A-liðar 4. gr. reglugerðarinnar falli brott og breytist töluröð síðari töluliða sama staflíðar til samræmis við það.

2. gr.

Í stað orðsins „fyrirtækjaskráning“ í 6. tölul. 6. gr. komi: skráningu fyrirtækja, hlutafélaga, einkahlutafélaga og samvinnufélaga.

## 3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 13. gr., sbr. 3. gr. auglýsingar um staðfestingu á reglugerð um breytingu á reglugerð þessari nr. 77/1990:

- a. Orðin „að því er varðar mengunarvarnir og yfirstjórn Siglingamálastofnunar ríkisins að því er varðar varnir gegn mengun sjávar“ í 2. tölul. i.f. falli brott.
- b. Á eftir orðunum „Skipulags- og byggingarmál,“ í 3. tölul. komi: brunavarnir.
- c. Á eftir orðinu „skipulagsstjórn“ í 3. tölul. komi: Brunamálastofnun ríkisins.
- d. Á eftir 4. tölul. komi nýr tölul., sem orðist svo:
5. Varnir gegn ofanflóðum, sem eigi ber undir annað ráðuneyti lögum samkvæmt.
- e. Töluliðir 5 til og með 7 breytast í töluliði 6 til og með 8.

## 4. gr.

Í stað orðanna „Hlutafélög, samvinnufélög“ í 7. tölul. 15. gr., sbr. 2. gr. reglugerðar um breytingu á reglugerð þessari nr. 64/1987 og 1. gr. reglugerðar um breytingu á reglugerð þessari nr. 5/1990, komi: Hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög, önnur en skráningu, svo.

## 5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 8. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, öðlast gildi sem hér segir:

Stafliðir a, d og e í 3. gr. við birtingu.

2. og 4. gr. hinn 1. september 1997.

1. gr. og stafliðir b og c í 3. gr. hinn 1. janúar 1998.

*Forsætisráðuneytinu, 6. júní 1997.*

**Davíð Oddsson.**

Ólafur Davíðsson.

## AUGLÝSING

**um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 16. júní 1997.*

**Davíð Oddsson.**

Ólafur Davíðsson.